

STADFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð N. Dalhoffs prests til eflingar íslenskri líknarsystrastarfsemi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 9. mars 1926. Skipulagsskráin er þannig: 13

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

**Styrktarsjóð N. Dalhoffs prests til eflingar íslenskri líknarsystrastarfsemi.**

Síðan er jeg undirritaður prestur. N. Dalhoff sótti Ísland heim, sumarið 1905, hefi jeg veitt viðtöku gjöfum frá ýmsum mönnum, til þess að koma á fót »líknarsystrahúsi« á Íslandi. Upphæðin með vöxtum er nú kr. 2122.47, en þar sem upphæð þessi nægir ekki til þess að hinum upprunalega tilgangi verði náð, ákveð jeg hjermeð, að upphæðin verði fyrst um sinn lögð til hliðar svo sem styrktarsjóður trúaðra íslenskra kvenna, er búa sig undir að verða hjúkrunarkonur.

Fyrir styrktarsjóð þennan skulu sett þau ákvæði, sem hjer fara á eftir

### 1. gr.

Nafn sjóðsins er »Styrktarsjóður N. Dalhoffs prests til eflingar íslenskri líknarsystrastarfsemi«.

### 2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er við stofnun hans 2122 danskar krónur og 47 aurar.

Höfuðstólinn má ekki skerða nema sett sje á stofn evangelískt-lútherskt líknarsystrahús á Íslandi. Þá skal selja því sjóðinn allan í hendur til frjálssar notkunar. Verðbrjef sjóðsins skulu hljóða upp á nafn styrktarsjóðsins og vera nafnskráð svo sem eign sjóðsins.

### 3. gr.

Meðan styrktarsjóðurinn hefir ekki verið afhentur evangelísk-lúthersku líknarsystrahúsi á Íslandi, sbr. 2. gr., skal árlegum vöxtum höfuðstólsins varið til styrktar trúðuðum íslenskum konum, sem búa sig undir að verða hjúkrunarkonur, á dönsku líknarsystrastofnuninni (Diakonissestiftelsen) eða öðru dönsku sjúkrahúsi, sem rekið er í kristilegum anda.

EKKI þarf að nota vextina á hverju ári og leggjast þeir þá til hliðar svo að grípa megi til þeirra, þegar þess gerist alveg sjerstaklega þörf eða þegar útlit er fyrir, að nám hlutaðeigandi konu fái sjerstaka þýðingu fyrir þróun íslenskrar líknarstarfsemi.

13

9. mars

4. gr.

Styrktarsjóðnum stjórnar hinn evang. lútherski biskup í Reykjavík. Hann geymir höfuðstólinn á þann hátt sem talist getur tryggilegur og tekur ákvörðun um, hvernig vöxtunum skuli verja eftir reglunum í 3. gr. Skal árlega leggja fram reikning sjóðsins og skal hann endurskoðaður af endurskoðanda, sem dóms- og kirkjumálaráðuneytið tilnefni.

Köbenhavn, 21. nóvember 1925.

*N. Dalhoff.*

14

16. mars

## SAMÞYKT

um

sýsluvegasjód í Skagafjarðarsýslu.

1. gr.

Í Skagafjarðarsýslu skal vera sýsluvegasjóður.

2. gr.

Kostnaður við þær vegabætur, sem að lögum hvila á sýslufjelaginu, greiðist úr sýsluvegasjóðnum.

3. gr.

Í Skagafjarðarsýslu skulu vera þessir sýsluvegir:

1. *Hegranesvegur* frá Sauðárkrók um brýr yfir Vestur og Austurós Hjeraðsvatna.
2. *Hofsósvegur* frá skamt austan við brú yfir Austurós Hjeraðsvatna út Viðvíkursveit og Óslandshlíð til Hofsós.
3. *Blönduhlíðarvegur* frá skamt austan við brú yfir Austurós Hjeraðsvatna fram Viðvíkursveit og Blönduhlíð á þjóðveginn utan við Dalsá.
4. *Hólavegur* frá Kolkuós heim að Hólum.
5. *Fljótavegur* frá Hofsós um Höfðaströnd, Sljettuhlíð og Fljót, um Fljótabrú austan Fljótaár að Prasastöðum og frá Fljótabrú ofan Fljót að Hrauntúni.
6. *Tungusveitarvegur* frá þjóðveginum sunnan við Reykjahóla um Reyki og að Goðdölum.
7. *Laxárdalsvegur* frá Sauðárkrók um Laxárdal að Selvík.

4. gr.

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum fasteignum innan sýslunnar. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi af ábúanda hvernar jarðar, en af eiganda hvernar lóðar eða húseignar í kaupúnum. Þó skal